



Alþingi

Nefndasvið Alþingis

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 26.1.2004

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samtökum atvinnulífsins hafa borist til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, 307. mál, þar sem lagt er til að skilyrði laganna um áminningu áður en starfsmanni verður sagt upp verði fellt niður og að slíkar ákvarðanir verði undanþegnar gildissviði stjórnarsýslulaga.

Tilgangur frumvarpsins er í samræmi við þá stefnumörkun að færa starfsumhverfi ríkisstarfsmanna nær því sem almennt gerist á vinnumarkaði og auka sveigjanleika í rekstrarumhverf i stofnana ríkisins. Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að þeim markmiðum verði náð. Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir eru miklægt skref í þá átt.

Stofnanir ríkisins verða á sama hátt og fyrirtæki að geta brugðist við broti starfsmanns á starfsskyldum eða þegar hann hefur ekki staðið undir þeim kröfum sem af starfinu leiða til að unnt verði að tryggja skilvirkni í rekstri og að ríkið hafi ávallt á að skipa sem hæfustu starfsfólki. Núgildandi reglur sem ekki gera neinn mun á hvort um er að ræða sök starfsmanns eða atvik sem honum verður ekki kennt um vinna beinlínis gegn því markmiði. Auk þess sem þær eru til þess fallnar að valda réttraóvissu og deilum þar sem málsmeðferð er mismunandi eftir því hvort uppsögn byggir á fyrrgreindum ástæðum eða rekstrarástæðum, svo sem sparnaði eða skipulagsbreytingu.

Ákvarðanir varðandi brot á starfsskyldum, um mat á frammistöðu og færni starfsmanns og uppsögn ef við á eru eðlilegur þáttur í starfsmannastjórnun. Slíkar ákvarðanir eru á hinn bóginn ekki þáttur í stjórnarsýslu ríkisins og því eðlilegt að stjórnarsýslulög taki ekki til þeirra eins og lagt er til í frumvarpinu.

Samtök atvinnulífsins hafa áður lýst þeim sambýlismönnum sem tvískipting vinnumarkaðarins, með ólík réttindi og ólíka launastefnu, veldur. Að opinberi vinnumarkaðurinn sé greindur frá hinum almenna vinnumarkaði með lögum, á þann hátt sem nú er, á ekki lengur rétt á sér að mati samtakanna. Eðlilegt sé að sérreglur fyrir opinbera starfsmenn verði felldar niður og vinnumarkaðurinn gerður einsleitari, sbr. rit SA, Bætum lífskjörin, útg. apríl 2003.

Samtök atvinnulífsins mæla því með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Hrafnhildur Stefánsdóttir, yfirlögfræðingur.